



Nefndarsvið Alþingis

Reykjavík 25. október 2023

Umsögn landssamtakanna Geðhjálpar um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands

Geðhjálpar fagnar frumvarpi um Mannréttindastofnun Íslands. Það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir þann stóra hóp sem Geðhjálpar sinnir hagsmunagæslu fyrir. Eftirlitsskylda með stofnunum og stöðum þar sem einstaklingar með geðrænar áskoranir dvelja um lengri eða skemmri tíma hefur því miður verið vanrækt um langt árabíll. Samtökin binda vonir við að með stofnun mannréttindastofnunar geti orðið breytingar til batnaðar.

Ábendingar Geðhjálpar um frumvarpið

Í 2. gr. er fjallað um hlutverk. Þar segir m.a.: „Mannréttindastofnun Íslands er ekki úrskurðaraðili á sviði mannréttinda og ákvarðanir stjórnvalda eða einkaaðila verða ekki kærðar til stofnunarinnar.“ Það verður að tryggja að á stofnunina verði hlustað þegar hún leggur fram tillögur að úrbótum eða kemur með ábendingar til framkvæmdavaldsins. Það er engin þörf á nýrri stofnun sem ekki verður á hlustað. Það þarf líka að tryggja að stofnunin verði ekki vanfjármögnuð og þannig of veikburða til að rækja hlutverk sitt.

Í 6. gr. er fjallað um Ráðgjafarnefnd. Þar segir að fulltrúar 8 aðila skuli ætíð eiga sæti í nefndinni. Landssamtökin Geðhjálpar eru þar ekki á meðal þrátt fyrir að samtökin séu hagsmunasamtök þess hóps sem mannréttindi eru brotin á daglega. Geðhjálpar óskar eftir því að samtökin eigi fulltrúa í Ráðgjafarnefndinni.

Í 9. gr. er fjallað um réttindagæslumenn fatlaðs fólks. Það er mikilvæg breyting að réttindagæslumönnum sé ætlaður staður innan mannréttindastofnunarinnar og að hlutverk þeirra nái þeim styrk sem gert var ráð fyrir með lögum um réttindagæslu fatlaðs fólks. Það ætti að vera öllum ljóst að starfsemi réttindagæslunnar hefur átt undir högg að sækja sl. ár og á löngum köflum hafa svæði á Íslandi verið án réttindagæslumanna. Það verður að tryggja þessari starfsemi fjármagn þannig að hlutverkinu verði sinnt.

Nánar um mikilvægi sjálfstæðrar Mannréttindaskrifstofu Íslands

Í heimsóknarskýrslu umboðsmanns Alþingis á þrjár lokaðar deildir geðsviðs Landspítalans í október 2018 kom fram að mannréttindi notenda væru brotin þar nær daglega. Benti umboðsmaður á að lagaheimildir skorti fyrir þeim aðgerðum sem notaðar voru við meðferð sjúklinga. Umboðsmaður benti á ýmislegt annað m.a. að dagleg útivera væri ekki tryggð öllum sem liggja á þessum lokuðu deildum.

Geðhjálp tók undir þessar athugasemdir umboðsmanns en benti jafnframt á hugmyndfræði og meðferð sem eru lykilatriði þegar kemur að því að draga úr þvingun og nauðung á geðdeildum.

Þó ýmislegt hafi breyst til batnaðar sl. misseri er enn langt í land. Skráning atvika þar sem nauðung og þvingun er beitt er þannig afar mikilvæg en í dag veit t.d. enginn hve oft þvingunum er beitt á stofnunum og stöðum sem fólk með fötlun og/eða geðrænar áskoranir dvelur. Þetta er auðvitað algjörlega óásættanlegt en opinberar veikleika þegar kemur að eftirliti með starfsemi.

Nauðung í refsiskyni

Samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasáttmála er óheimilt að beita einstaklinga nauðung eða takmarka stjórnarskrárvarin réttindi þeirra nema fyrir því standi skýr lagaheimild. Jafnvel þótt lagaheimild væri til staðar gilda ströng skilyrði um beitingu inngripa gagnvart persónuréttindum er varða líf og frelsi einstaklinga sem búin er sérstök vernd í stjórnarskrá. Lagaheimildir hafa ekki verið fyrir hendi þegar kemur að beitingu þvingana á heilbrigðisstofnunum hér á landi og því væri nærtækast að ætla að þeim væri þar af leiðandi ekki beitt. Reyndin hefur þrátt fyrir það verið sú að sjúklingar eru beittir ýmsum þvingunum og stjórnarskrárvarin réttindi þeirra hafa verið takmörkuð á einn eða annan hátt án þess að fyrir því hafi verið lagaheimild. Þykir það varpa ljósi á hversu vandmeðfarið valdið er. En hver hefur eftirlit með því að nauðung verði ekki beitt í refsingarskyni? Reynslan hefur sýnt að nauðung er beitt víða þar sem veita á meðferð með ýmsum hætti, þrátt fyrir skort á lagaheimildum til þess. Eins og fram kemur í áður nefndri skýrslu umboðsmanns Alþingis hefur Landspítalinn sett sérstakar verklagsreglur sem lúta meðal annars að aðgerðum sem geta falið í sér inngríp, þvinganir eða aðra valdbeitingu gagnvart sjúklingum og eru umfram það sem fyllilega verður fellt undir meðferð í merkingu laga um réttindi sjúklinga og þar með þvingaða meðferð í merkingu lögræðis laga. Um er að ræða reglur og verklag sem spítalinn hefur ákveðið sjálfur og styðst ekki við skýrar lagaheimildir. Úrræði á borð við einangrun, herbergisdvöl, virkt eftirlit (gát), líkamlega þvingun eða þvingaða lyfjagjöf (lyfjafjötra), skert útivist og haldlagning muna hafa verið réttlætt með vísan til *meðferðarsjónarmiða*. Þetta á við um fleiri staði en Landspítalann.

Eftirlitshlutverk

Embætti landlæknis hefur það hlutverk að sinna eftirliti með heilbrigðisstofnum og Gæða- og eftirlitsnefnd velferðarmála hefur það hlutverk að sinna eftirliti með stofnunum sem heyra undir félagsmálaráðuneytið. Þetta eftirlit hefur eins og áður kom fram verið afar takmarkað og málshraði hægur og öll vinnsla mála hefur því miður litast af sjónarmiðum þjónustuveitenda á kostnað þjónustunotenda. Reynslan hefur oftár en ekki verið sú að einstaklingar hafa þurft að leita til umboðsmanns Alþingis til að fá hlutlausa úrvinnslu sinna mála. Það ferli er hins vegar torsótt og tímafrekt.

Sjálfstæð mannréttindaskrifstofa sem er á föstum fjárlögum með sömu stjórnsýslulegu stöðu og umboðsmaður Alþingis er því gríðarlega mikilvægt framfaraskref. Það þarf hins vegar að tryggja þetta fjárhagslega sjálfstæði og þessa stjórnsýslulegu stöðu með lögum. Það þyrfti að tryggja þetta áður en farið er af stað.

Stjórn landssamtakanna Geðhjálpar